

## Skipulags- og samgönguráð

Ár 2020, miðvikudaginn 4. nóvember kl. 10:04, var haldinn 87. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð Ráðssal. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Pawel Bartoszek, Alexandra Briem, Hjálmar Sveinsson, Ragna Sigurðardóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Katrín Atladóttir og áheyrnarfulltrúarnir Kolbrún Baldursdóttir og Daníel Örn Arnarsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Þorsteinn Rúnar Hermannsson og Jóhanna Guðjónsdóttir.

Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

### Þetta gerðist:

#### (A) Skipulagsmál

1. Vogabyggð svæði 2 (Kuggavogur 26), (01.45) Mál nr. SN200631  
breyting á skilmálum deiliskipulags vegna  
lóðar 2-9-2  
120944-2669 Kristinn Ragnarsson, Skaftahlíð 27, 105 Reykjavík  
520220-3210 Vogabyggð ehf., Pósthólf 8787, 108 Reykjavík

Lögð fram umsókn Kristins Ragnarssonar dags. 9. október 2020 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir Vogabyggð svæði 2 vegna lóðar 2-9-2, Kuggavogur 26. Í breytingunni felst aukning á heildarbyggingarmagni lóðar um 100 m<sup>2</sup>, samkvæmt tillögu Kristins Ragnarssonar arkit. ehf. dags. 9. október 2020.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur nú skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

2. Mýrargata 21 og 23, breyting á (01.116) Mál nr. SN190436  
deiliskipulagi  
010562-3419 Einar Ólafsson, Hvassaleiti 39, 103 Reykjavík  
670901-2110 Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins, Öldugötu 44, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Einars Ólafssonar, dags. 18. júlí 2019, varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits, reits 1.131, vegna lóðarinnar nr. 21-23 við Mýrargötu. Í breytingunni felst að minnka umfang og hæðir kirkjunnar ásamt því að kirkjuturnar eru lækkaðir. Turnunum fækkar úr 5 í 2, hámarkshæð hærri turns minnkar úr 22 metrum niður í 18 metra og minni turns úr 17. metrum niður í 15 metra og umfang kirkjunnar minnkar, samkvæmt deiliskipulags-, skuggavarps- og skýringaruppdr. Arkiteo ehf. dags. 18. maí 2020. Tillagan var auglýst frá 17. júlí 2020 til og með 31. ágúst 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Íbúaráð Vesturbæjar dags. 31. ágúst 2020, íbúasamtök Vesturbæjar dags. 31. ágúst 2020 og Guðmundur Pálsson dags. 1. september 2020. Einnig er lagt bréf Rússnesku Rétttrúnaðarkirkjunnar á Íslandi dags. 31. ágúst 2020 og minnisblað skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 16. september 2020 og bréf íbúaráðs Vesturbæjar dags. 29. september 2020 vegna athugasemda fulltrúa Pírata um tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar.

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða Mýrargata 21 og 23, breyting á deiliskipulagi sem m.a. felst í því að minnka umfang og hæð kirkjunnar ásamt því að kirkjuturnar eru lækkaðir. Fulltrúi Flokks fólksins þykir sem málið sé einfaldlega kannski ekki fullunnið. Turnunum kirkjunnar fækkar úr 5 í 2, hámarkshæð hærri turns minnkar úr 22 í 18 metra. Kirkjan er ekki sáttt við skipulagið eftir að lagt er til að kirkjan verði minnkuð verulega og margir aðrir eru einnig ósáttir, sbr. innsendar athugasemdir. Málið hefur verið í vinnslu frá 2008 og enn virðist ekki lending í sjónmáli þótt takist hafi vissulega að setta einhver sjónarmið.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

3. Blesugróf 30 og 32, breyting á (01.885.3) Mál nr. SN200595 deiliskipulagi

Lögð fram drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Blesugrófar vegna lóðanna nr. 30 og 32 við Blesugróf.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Vísad til borgarráðs.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

#### **(B) Byggingarmál**

4. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423 fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1087 frá 20. október 2020 og nr. 1088 frá 27. október 2020.

#### **(D) Ýmis mál**

5. Urðarbrunnur 16, kæra 100/2020, (05.056.2) Mál nr. SN200653 umsögn, úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 15. október 2020 ásamt kæru dags. 13. október 2020 þar sem kærð er neikvæð afgreiðsla skipulagsfulltrúa frá 28. ágúst 2020 um byggingu tvíbýlishúss á tveimur hæðum á lóð nr. 16 við Urðarbrunn. Einnig er lagður fram tölvupóstur/umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 19. október 2020 þar sem krafist að kærinni verði vísað frá úrskurðarnefndinni þar sem ekki hefur verið tekin nein lokaákvörðun í málinu, en kært er svar við fyrirspurn kæranda til skipulagsfulltrúa. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 22. október 2020. Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

6. Fyrirspurn fulltrúa Viðreisnar, varðandi Mál nr. US200313 heildarmagn skrifstofuhúsnæðis í 101, umsögn - USK2020090052

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, deildarstjóra aðalskipulags, dags. 23. október 2020.

7. Tillaga borgarráðsfulltrúa Mál nr. SN200587  
Sjálfstæðisflokksins, um greiningavinnu  
vegna aukningar á skrifstofuhúsnæði í  
miðborg, umsögn - R20090083  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, deildarstjóra aðalskipulags, dags. 23. október 2020.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til að fela umhverfis- og skipulagssviði að hefja undirbúning að skipan starfshóps í samræmi við umsögn sviðsins.

Samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks fagna því að tillagan hafi fengið jákvæða afgreiðslu. Mikilvægt er að greiningarvinnan verði unnin fljótt og örugglega. Á næstu árum má gera ráð fyrir að í miðborginni verði talsvert af tómu verslunar- og skrifstofurými. Þetta er varhugaverð þróun og mikilvægt að bregðast fljótt við. Við þurfum sveigjanlegra kerfi og breyttar reglur um notkun húsnæðis í miðborg.

8. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, Mál nr. US200375  
um ljósleiðara á Esjumelum og  
Hólmsheiði, umsögn

Lögð fram umsögn Gagnaveitu Reykjavíkur, dags. 29. október 2020.

9. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúi Miðflokksins, Mál nr. US200368  
um framkvæmdir í Esjuhlíðum, umsögn -  
USK2020100063

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 27. október 2020.

10. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur Mál nr. US200407  
fram svohljóðandi fyrirspurn,

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um fyrirhugaða mön við Reykjanesbraut/Blesugróf og þá hvernig það mál standi? Íbúar hafa verið að reyna að ná til skipulagsyfirvalda/sviðs til að fá þessar upplýsingar en ekki haft erindi sem erfiði. Eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins skilur þá er talsverður hávaði í hverfinu vegna umferðar á Reykjanesbraut og Stekkjarbakka. Eftir því sem næst er komist átti þetta verkefni að vera í forgangi. Spurt er um stöðu verkefnisins og samhliða hvetur fulltrúi Flokks fólksins skrifstofu umhverfis- og skipulagsmála, skipulags- og samgöngustjóra að fara yfir póstinn sinn og svara fyrirspurnum og erindum frá borgarbúum sem kunna að hafa gleymst. Því betri viðbrögð og svör sem borgarbúar fá við fyrirspurnum því sjaldnar er þörf á að leita til borgarfulltrúa eftir hjálp við að fá svör. Það eru jú embættismennirnir og starfsfólkið sem hafa svörin en ekki borgarfulltrúar minnihlutans. Minnt er einnig í þessu sambandi á tillögu Flokks fólksins um að bæta vinnubrögð almennt séð við svörun erinda frá borgarbúum

Frestað.

11. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu,

Mál nr. US200408

Flokkur fólksins leggur til að skipulagssvið borgarinnar útfæri leiðir/ umgengnisreglur í samráði við rafskutlaleigur til að fá leigjendur til að ganga frá hjólum þar sem þau skapa ekki hættu. Hjólunum er stundum illa lagt, t. d. á miðja gangstétt þannig að fatlaður einstaklingur í hjólastól eða sjónskertur vegfarandi ýmist kemst ekki fram hjá eða gengur á hjólið. Fólk með barnakerrur lendir einnig í vandræðum með að komast ferðar sinnar. Um 1.100 rafskutlur standa borgarbúum til leigu frá fjórum fyrirtækjum. Fjölga á skutlunum enn meir. Sá ferðamáti sem hér um ræðir hefur rutt sér til rúms í borginni á stuttum tíma. Þetta er góður ferðamáti en enn vantar augljóslega reglur um umgengni. Fylgja þarf lögum í þessu sambandi. Í lögum er skýrt tekið fram að ekki má skilja við hjól þar sem það getur valdið hættu eða óþarfa óþægindum fyrir aðra í umferðinni. Skýrir rammar þurfa að liggja að baki þessum samgöngutækjum sem öðrum. Hætta er á slysum ef ekkert er að gert og fulltrúi Flokks fólksins hvetur skipulagssvið til að biða ekki eftir þeim áður en tekið er til hendinni við að leysa þetta vandamál.

Frestað.

**Fleira gerðist ekki.  
Fundir slitið kl. 10:49**

**Fundargerðin lesin yfir og undirrituð**

Pawel Bartoszek

Alexandra Briem  
Ragna Sigurðardóttir  
Katrín Atladóttir

Hjálmar Sveinsson  
Hildur Björnsdóttir  
Eyþór Laxdal Arnalds

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2020, þriðjudaginn 20. október kl. 10:05 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1087. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Nikulás Úlfar Músson, Jón Hafberg Björnsson, Björgvin Rafn Sigurðarson, Edda Þórsdóttir, Olga Hrund Sverrisdóttir og Erla Bjarný Jónsdóttir. Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

**Þetta gerðist:**

**Nýjar/br. fasteignir**

- |    |              |                    |                     |
|----|--------------|--------------------|---------------------|
| 1. | Arkarvogur 2 | (14.514.01) 105601 | Mál nr.<br>BN058266 |
|----|--------------|--------------------|---------------------|

710817-0810 ÞG hús ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054742, um er að ræða ýmsar breytingar á innra skipulagi og útliti s.s. breyting á formi svala endaíbúða og stækkun á öðrum, gluggasetningu þakhæða, fyrirkomulagi sumra eldhúsa, bætt við lagnasköktum, nýtt tæknirými í kjallara og fyrirkomulag geymslna breytt í kjallara fjölbýlishúsa á lóð nr. 2 við Arkarvog.

Jafnframt er erindi BN058096 dregið til baka.

Stærð óbreytt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og bréf hönnuðar dags. 29. september og 15. október 2020.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

- |    |              |                    |                     |
|----|--------------|--------------------|---------------------|
| 2. | Austurberg 5 | (46.637.01) 112063 | Mál nr.<br>BN058170 |
|----|--------------|--------------------|---------------------|

590182-1099 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Austurbergi 5, 111 Reykjavík  
Sótt er um leyft til þess að koma fyrir, vegna covid-19, 12 samliggjandi gámum sem nýtast eiga sem tvær kennslustofur, ásamt tengigangi að vesturgafli mhl. 02, Fjölbrautarskólans í Breiðholti á lóð nr. 5 við Austurberg.

Stækkun: 203.0 ferm., 545.9 rúmm.

Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 11. september 2020, afrit af deiliskipulagsupprætti dags. 19. október 2006, afrit af teikningu (99)1.01 A samþykkttri 18. ágúst 2009, grunnmynd gáma frá framleiðanda dags 8. september 2020, ljósmynd af vesturgafli mhl. 02 og skissa sem sýnir staðsetningu á afstöðumynd.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

3. Ármúli 19 (12.641.04) 103531 Mál nr. BN058316  
590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík  
Sótt er um að breyta erindi BN055910 vegna lokaúttektar þannig að bætt er við hurð milli lagers og sýningarsals, eldvarnargler eru sett í glugga undir útitröppum og afmörkun svæðis umsóknar er breytt í iðnaðarhúsi, mhl.01 á lóð nr. 19 við Ármúla.  
Erindi fylgir A3 afrit af aðaltekningu eldra erindis dags. 11. mars 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
4. Ármúli 42 (12.951.04) 103836 Mál nr. BN058245  
450511-0480 Kabí ehf, Austurströnd 12, 170 Seltjarnarnes  
661198-2819 Karmur ehf., Ármúla 42, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að sameina rými 0101 og 0102 í 0101, og breyta innra skipulagi fyrir rekstur á kaffihúsi/verslun/bakarí í fl. 1 tegund e fyrir 15 gesti, gluggaop á suðaustur hlið er stækkað og breytt í mótökuhurð fyrir vörumóttöku, tröppum komið fyrir í gangstétt meðfram suðausturhlið, sett lofrist í opnanlegt fag og inngöngum fækkað á á norðurhlið fyrstu hæðar í verslunarhúsi, mhl.01 á lóð nr. 42 við Ármúla.  
Erindi fylgir samþykki eigenda.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
5. Baldursgata 11 (11.845.12) 102117 Mál nr. BN057793  
470519-0290 Ba11 ehf., Nesvegi 47, 107 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu veitingastað í flokki I tegund D í rými 0003 ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á sorpgerði á lóð íbúðar- og atvinnuhúss á lóð nr. 11 við Baldursgötu.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 30. júní 2020 og 8. október 2020.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
6. Borgartún 8-16A (12.201.07) 199350 Mál nr. BN058268  
520613-1370 Höfðatorg ehf., Borgartúni 3, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að rífa hús nr. 13 við Bríetartún (áður Skúlagata 63), á lóð nr. 8-16A við Borgartún.  
Erindi fylgir afrit af samþykktum teikningum frá 1962 og 2001.  
Stærð niðurrifs: 1.683,0 ferm., 6.004,0 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
7. Borgartún 8-16A (12.201.07) 199350 Mál nr. BN058269  
520613-1370 Höfðatorg ehf., Borgartúni 3, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að rífa hús nr. 12-12A við Katrínartún (áður Höfðatún 12-12A), á lóð nr. 8-16A við Borgartún.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 29. september 2020 og afrit af samþykktum teikningum frá 1962 og 2003.

Stærð niðurrifs:

Katrínartún 12: 1.348,0 ferm., 4.403,0 rúmm.

Katrínartún 12A: 277,0 ferm., 908,0 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

8. Breiðagerði 7 (18.141.08) 107929 Mál nr. BN058215

300780-3189 Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Breiðagerði 7, 108 Reykjavík

040183-7289 Ásta Ósk Stefánsdóttir, Breiðagerði 7, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir breytingum á erindi BN047655 þannig að komið hefur verið fyrir heitum potti á lóð, gerðar tröppur út í garð, skyggni yfir bílskúr fjarlæggt, innra skipulagi rishæðar breytt og gerður hefur verið veggur umhverfis einbýlishús á lóð nr. 7 við Breiðagerði.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

9. Bæjarháls 1 (43.096.01) 190769 Mál nr. BN058226

551298-3029 Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi á hluta 1. hæðar og þar m.a. komið fyrir milligólfi fyrir loftræstingu og til þess að koma fyrir flóttasvölum á vestur- og norðausturhliðum iðnaðarhúss, mhl.08, á lóð nr. 1 við Bæjarháls.

Stækkun: 47.7 fermm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

10. Dalhús 82 (28.476.08) 109833 Mál nr. BN058306

180469-4439 Bogi Nils Bogason, Dalhús 82, 112 Reykjavík

011166-3429 Björk Unnarsdóttir, Dalhús 82, 112 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að stækka svalir á báðum hliðum húss og til að stækka hurðagat út á svalir á vesturhlið einbýlishúss á lóð nr. 82 við Dalhús.

Erindi fylgir yfirlit yfir breytingar.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Lagfæra skráningu.

11. Eddufell 2-8 (46.830.09) 112308 Mál nr. BN058311

521015-1520 Óshæð ehf., Bergsmára 13, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að innrétta sólbaðstofu með 5 ljósabekkjum á 2. hæð og setja handrið út á skyggni, á norðurhlið á húsi á lóð nr. 2 við Eddufell.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

12. Efstaleiti 19 (17.452.01) 224636 Mál nr. BN058301  
070666-4649 Berta Gerður Guðmundsdóttir, Lágaleiti 5, 103 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að setja skjólþak yfir hluta þakgarðs íbúðar 0401 í húsi nr. 5 við Lágaleiti, mhl.04 á lóð nr. 19 við Efstaleiti.  
Erindi fylgir samþykki Húsfélags Efstaleiti A, dags. 23. september 2020 og yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
13. Efstaleiti 19 (17.452.01) 224636 Mál nr. BN058333  
470519-3040 Efstaleiti A, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að setja svalalokun á svalir íbúða nr. 0406, 0504 og 0502 í mhl.02 í húsi á lóð nr. 19 við Efstaleiti.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
14. Efstaleiti 27 (17.452.01) 224636 Mál nr. BN058334  
470519-3040 Efstaleiti A, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að setja svalalokun á svalir íbúðar nr. 0402 í mhl.01 í húsi nr. 27 á lóð nr. 19 við Efstaleiti.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
15. Efstasund 80 (14.100.08) 104969 Mál nr. BN057633  
170569-5479 Valdimar Snorrason, Efstasund 80, 104 Reykjavík  
230577-4719 Aldís Magnúsdóttir, Efstasund 80, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteyptan bílskúr á norðvestur horni lóðar nr. 80 við Efstasund.  
Erindi fylgir samþykki eigenda Efstasunds nr. 78 vegna þakkants á lóðamörkum, dags. 10. ágúst 2020 og samþykki meðlóðarhafa, dags. 25. júlí 2020.  
Stærð mhl. 02 bílskúr er: 40,5 ferm., 147,1 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
16. Faxafen 14 (14.662.01) 195611 Mál nr. BN058322  
600509-0390 Dai Phat Trading Inc ehf., Faxafeni 14, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að endurinnrétta bakrými verslunar í rými 0105 og setja nýja vöruafgreiðsluhurð á framhlið húss nr. 14 við Faxafen.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.



17. Fiskislóð 41 (10.866.02) 209698 Mál nr.  
BN058108  
711292-2929 Bílabúð Benna ehf., Krókhálsi 9, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja stálgrindarhús fyrir dekkjaverkstæði á 1. hæð og óráðstafað rými á 2. hæð í húsi á lóð nr. 41 við Fiskislóð.  
Erindi fylgir mæliblað Faxaflóahafna dags. maí 2007, hæðablað Faxaflóahafna dags. september 2008, minnisblað Eflu um greinagerð um brunavarnir, útgáfa 001-V02, dags. 10. september 2020, umboð dags. 10. september 2020 og samþykki eiganda dags. 17. september 2020. Einnig brunahönnunarskýrsla 001.V03 dags. 29. september 2020.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
18. Frakkastígur 27 (11.920.01) 102508 Mál nr.  
BN057766  
690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir nýrri flóttahurð í vesturenda, nýjum stiga upp fjórar hæðir í enda gangs í suð-vestur enda sem og breytingu á innra skipulagi, einnig er sótt um áður gerðar breytingar, samkvæmt yfirliti yfir breytingar, í húsi á lóð nr. 27 við Frakkastíg.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar og yfirlit breytinga mótt. 1. júlí 2020  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
19. Framnesvegur 16 (11.332.30) 100259 Mál nr.  
BN058069  
211292-3509 Heiðar Logi Elíasson, Digranesvegur 76, 200 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi sem felst í því að burðarveggir eru fjarlægðir, léttir veggir gerðir, koma fyrir baðherbergi í rými sem var herbergi, settur hringstigi frá 1. hæð niður í kjallara og breyta geymslu í svefnherbergi í húsinu á lóð nr. 16 við Framnesveg.  
Erindi fylgir samþykki meðeiganda áritað á uppdrátt dags. 19. ágúst 2020 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 25. september 2020.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
20. Gefjunarbrunnur 6 (26.954.02) 206028 Mál nr.  
BN057678  
030588-2159 Þorsteinn Birgisson, Stelkshólar 8, 111 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða tvíbýlishús úr steinsteyptum einingum á lóð nr. 6 við Gefjunarbrunn.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. júlí 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2020.  
Stærð, A-rými: 230 ferm., 767,8 rúmm.  
B-rými: 49,2 ferm.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
21. Geirsgata 7-7C (11.173.07) 219202 Mál nr.  
BN058299  
441188-1619 Brytinn ehf, Túngötu 6, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta eldhúsi og setja upp bar til hægri við inngang á 1. hæð húss nr. 7c á lóð nr. 7-7c við Geirsgötu.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.

Vísað til athugasemda.

22. Gerðarbrunnur 16-18 (50.564.03) 206054 Mál nr. BN058319
- 440516-1220 Ískjölur Byggingafélag ehf., Silungakvísl 1, 110 Reykjavík  
640908-0170 Við byggjum ehf., Melabraut 54, 170 Seltjarnarnes
- Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða staðsteypt tvíbýlishús með innbyggðum bílageymslum á lóð nr. 16-18 við Gerðarbrunn.
- Orkuramma dags. 1. október 2020 fylgir á skráningartöflu.
- Stærð hús er: 389,8 ferm., 1.265,5 rúmm. B -rými er 18 ferm. 58,2 rúmm.
- Gjald kr.11.200
- Samþykkt.
- Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
- Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
- Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
23. Grenimelur 8 (15.413.08) 106338 Mál nr. BN057857
- 030786-2709 Jón Gunnar Eysteinnsson, Grenimelur 8, 107 Reykjavík  
101172-4819 Stefán Sigurðsson, Grenimelur 8, 107 Reykjavík
- Sótt er um leyfi til að hækka og endurgera þakhæð, byggja kvisti, nýjar svalir á suðurhlíð 1. og 2. hæðar og breyta innra skipulagi á 1. og 2. hæð í húsi á lóð nr. 8 við Grenimel.
- Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. júlí 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júlí 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 27. júlí 2020.
- Stækkun: 105,5 ferm., 58,6 rúmm.
- Eftir stækkun: 447,2 ferm., 1.146,8 rúmm.
- Gjald kr. 11.200
- Frestað.
- Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
24. Gullslétta 6 (34.533.704) 206642 Mál nr. BN058259
- 421007-1600 Lækjarmelur ehf, Bæjarflöt 8, 112 Reykjavík
- Sótt er um leyfi til að byggja einlyft staðsteypt hús með 7 eignum með millilofti í hverri eign og allt húsið klætt með liggjandi lituðu bærustáli fest á ál undirkerfi og einangrað með steinullarplötum á lóð nr. 6 við Gullsléttu.
- Erindi fylgir varmatapsútreikningar á teikningu 001 dags. 19. september 2020.
- Stærð húss er: 1.188,2 ferm., 6.527,2 rúmm.
- Gjald kr. 11.200
- Samþykkt.
- Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
- Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
- Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
25. Gunnarsbraut 46 (12.475.02) 103383 Mál nr. BN058274
- 480607-1980 Neva ehf., Gunnarsbraut 46, 105 Reykjavík
- Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN047793 þannig að fyrirkomulagi eldvarnarglerja er breytt v/lokaúttektar í gististað í flokki II fyrir 30 gesti á lóð nr. 46 við Gunnarsbraut.
- Gjald kr. 11.200
- Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.  
Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

26. Gylfaflöt 2 (25.782.01) 224860 Mál nr. BN058289
- 591110-2920 Curvy ehf., Pósthólf 8215, 128 Reykjavík  
600302-2130 M M varnir ehf., Smáraríma 110, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og útbúa á millilofti, rými 0116, framleiðslueldhús fyrir 1-2 starfsmenn, þar sem hægt verður að útbúa léttu rétti fyrir matarvagn og veislur, í rými 0104, í iðnaðarhúsi á lóð nr. 2 við Gylfaflöt.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
27. Gylfaflöt 17 (25.760.05) 225816 Mál nr. BN058335
- 671113-0390 Urðarsel ehf., Logafold 35, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN054616 þannig að innra skipulagi í iðnaðarbilum 0101, 0102 og 0103 breytist lítillega í iðnaðarhúsi á lóð nr. 17 við Gylfaflöt.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á A3 afriti af teikningum samþykktum 2. október 2018.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
28. Hagasel 23 (49.377.01) 112913 Mál nr. BN058272
- 510497-2799 Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja fjölbýlishús sem fellur undir búsetuúrræði Velferðarsviðs og Félagsbústaða, á tveimur hæðum með átta íbúðum, úr krosslímdum timbureiningum, einangrað og klætt með viðarklæðningu að utan, á lóð nr. 23 við Hagasel.  
Erindi fylgir mæliblað nr. 4.937.7 dags. 11. júní 1993, hæðablað dags. október 1987, Minnisblað 01 frá Víðsjá verkfræðistofu dags. 18. desember 2019, Hljóðvistargreinagerð II frá Eflu dags. 26. ágúst 2020, samantekt á brunavörnum hússins frá Mannviti dags. 24. janúar 2020, greinagerð hönnuðar um algilda hönnun dags. 20. september 2020, bréf hönnuðar dags. 29. september 2020 og varmatapsútreikningur dags. 20. janúar 2020.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. október 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2020.  
Stærðir:  
1. hæð: 287,1 ferm., 817,7 rúmm.  
2. hæð: 264,0 ferm., 872,5 rúmm.  
Samtals A rými: 551,1 ferm., 1.747,8 rúmm.  
B-rými: 48,5 ferm., 114,6 rúmm.  
Gjald. kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður

vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

29. Hnjúkasel 15 (49.742.14) 113209 Mál nr. BN057948  
150958-6959 Heiðrún Rósa Sverrisdóttir, Hnjúkasel 15, 109 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að setja upp stoðvegg inná lóð, byggja yfir gryfju við stoðvegg þannig að undir verði yfirbyggt rými og ofan á verði stækkun við núverandi svalir á húsi á lóð nr. 15 við Hnjúkasel.  
Erindi fylgir samþykki eiganda Hálsasels 56 á teikningu dags. 6. júlí 2020 og nýtt umsóknarblað með breyttum texta mótt. 24. ágúst 2020.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. september 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. september 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. september 2020.  
Stækkun:  
B-rými 26,5 ferm., 66,3 rúmm.  
C-rými 37,4 ferm.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
30. Hvassaleiti 127-135 (17.261.01) 107323 Mál nr. BN058076  
090271-4159 Már Mátsson, Hvassaleiti 127, 103 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að gera svalahurð með því að saga niður úr glugga á norðurgafli, koma fyrir nýrri sorpgeymslu við norðurenda og steypa stoðvegg við húsið nr. 127 á lóð nr. 127-135 við Hvassaleiti.  
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa á A4 teikningu dags. 13. júlí 2020.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
31. Hverafold 1-5 (28.742.01) 110375 Mál nr. BN058204  
530790-1349 Húsfélagið Hverafold 1-3, Hverafold 1-3, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta núverandi auglýsingaskilti (2,5 x 7,0 m) í LED skilti við hús nr. 1-3 á lóð nr. 1-5 við Hverafold.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
32. Iðunnarbrunnur 6 (26.937.02) 206078 Mál nr. BN058233  
630806-1510 Byggingafélagið Landsbyggð ehf, Vatnsendabletti 721, 203 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN036505 þannig að húsi er skipt í tvær íbúðir, gluggasetningu breytt og hurðum bætt við á austur- og vesturhlið, innréttá áður óuppfyllt rými í kjallara og bílastæði, stoðvegg og tröppum bætt við á vesturhluta lóðar nr. 6 við Iðunnarbrunn.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. október 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2020.

Stækkun; 3,8 ferm.,

Samtals A-rými: 402,5 ferm., 1.225,3 rúmm.

B-rými: 17,1 ferm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020.

33. Iðunnarbrunnur 8 (26.937.03) 206079 Mál nr. BN058234

160375-5159 Sveinn Gíslason, Ólafsgesli 97, 113 Reykjavík  
150979-4719 Helgi Gíslason, Vatnsendablettur 721, 203 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN037192 þannig að húsi er skipt í tvær íbúðir, innanhússstiga snúið 180°, gluggasetningu breytt og hurðum bætt við á norður- og vesturhlið, innréttá áður óuppfyllt rými í kjallara og bílastæði, stoðvegg og tröppum bætt við á vesturhluta lóðar nr. 8 við Iðunnarbrunn.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. október 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2020.

Stækkun; 3,8 ferm.,

Samtals A-rými: 402,5 ferm., 1.225,3 rúmm.

B-rými: 17,1 ferm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020.

34. Jöfursbás 4A (22.205.02) 228387 Mál nr. BN058283

501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að byggja dreifistöð raforku Veitna ehf á lóð nr. 4A við Jöfursbás.

Stærðir: 17.3 ferm., 65.8 rúmm.

Erindi fylgir mæliblað 2.220.5 dags. 27. janúar 2020.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

35. Jöklael 21-23, bílal (49.753.12) 205071 Mál nr. BN058244

250164-2039 Nijolé Ambrulaite, Jöklael 21, 109 Reykjavík

121259-2149 Zígmás Ambrulaitis, Jöklael 21, 109 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að fjölga bílgeymslum á lóð nr. 21-23 við Jöklael.

Stærð: 39,3 ferm., 142,5 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis

að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

36. Kalkslétta 1 (34.542.2) 228880 Mál nr. BN058131
- 470596-2289 Íslenska gámafélagið ehf., Koparsléttu 22, 162  
Sótt er um leyfi til að byggja þrjú óupphituð stálgrindarhús, fyrir sorpvinnslu ásamt tilheyrandi spennistöð og starfsmannaaðstöðu, olíutönkum og dælu og bílavog á lóð nr. 1 við Kalksléttu.  
Erindi fylgir brunahönnun dags. 10. september 2020 og bréf frá hönnuði dags. 1., 9. og 25. september og 8. október 2020.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. október 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. október 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2020.  
Mhl. 01: 1.784,8 ferm., 22.221 rúmm.  
Mhl. 02: 1.192,9 ferm., 14.851,6 rúmm.  
Mhl. 03: 1.759,3 ferm., 21.885,2 rúmm.  
Mhl. 06: 44,3 ferm., 128,5 rúmm.  
Mhl. 07: 44,3 ferm., 128,5 rúmm.  
Mhl. 08: 24,4 ferm., 82,1 rúmm.  
Mhl. 09: 15,5 ferm., 17,5 rúmm.  
Mhl. 10: 6,4 ferm., 11,3 rúmm.  
Samtals: 4.871,9 ferm., 59.325,7 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
37. Keilufell 15 (46.775.01) 112266 Mál nr. BN058310
- 250685-2709 Birnir Orri Pétursson, Keilufell 15, 111 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu til suðurs og koma fyrir kvisti og svölum á húsinu á lóð nr. 15 við Keilufell.  
Stækkun 20,2 ferm., 75,2 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
38. Kjalarvogur 12 (14.281.01) 224159 Mál nr. BN058253
- 551211-0290 Húsasmiðjan ehf., Kjalarvogi 12, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050618 þannig að innra skipulagi er breytt í skrifstofuhluta á 2. hæð mhl. 01 á lóð nr. 12 við Kjalarvog.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

39. Klambratún - bílastæði Mál nr.  
BN058325

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að staðsetja grenndardjúpgáma, mhl. 01, á norðvestur horni bílastæðis Kjarvalsstaða við Flókagötu.

Stærð djúpgáma er: 24,4 ferm., 56,4 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

40. Klausturstígur 1-11 (51.304.02) 200218 Mál nr.  
BN058236

700707-0750 Byggingafélag námsmanna ses., Pósthólf 5480, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN056841 þannig að einangrunarþykkt útveggja, gólfkótum og uppbyggingu innveggja er breytt, einnig er matshlutanúmerum breytt (mhl. 08 til 14), í samræmi við lóðasamning, fyrir húsin á lóð nr. 1-11 við Klausturstíg (Klaustur- og Kapellustígur).

Erindi fylgir bréf hönnuðar um yfirlit breytinga, dags. 21. september 2020, viðauki vegna algildrar hönnunar dags. 7. október 2020 og varmatapsútreikningar dags. 21. september 2020.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

41. Krókháls 6 (43.240.02) 111041 Mál nr.  
BN058264

570320-0250 Ísafold fjárfestingafélag ehf., Rjúpnahæð 5, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til þess að breyta skráningu og sameina öll rými á 2. hæð í eitt eignarhald, rými 0201, í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 6 við Krókháls.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

42. Langagerði 22 (01.832.011) 108538 Mál nr.  
BN056643

200266-5959 Guðrún Hauksdóttir, Langagerði 22, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að bæta við tveimur kvistum á norður- og suðurhlið ásamt svölum og stiga niður í garð á 1. hæð í fjöleignarhúsi á lóð nr. 22 við Langagerði. Erindi fylgir afrit af eldri teikningum samþykktum 27. nóvember 1980 og fyrirspurnarteikningum dags. 24. apríl 2019. umboð eigenda íbúðar 01-0101 dags. 23. september 2019 og samþykki meðlóðarhafa áritað á A3 afrit af teikningum A-100 - A-101 dagsettum 3. september 2019.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. október 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2019.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. september 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. september 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. september 2020. Stækkun: 1.8 ferm., 9.1 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Málinu vísað til skipulagsfulltrúa í grenndarkynningu.

Vísað til uppdráttar nr. A100, A1010 dags. 2. september 2020.

43. Langholtsvegur 18 (13.532.17) 104256 Mál nr. BN058149

250869-5929 Guðni Benjamínsson, Langholtsvegur 18, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að stækka svalir á suðurhlið og gera tröppur niður í garð við parhús á lóð nr. 18 við Langholtsveg.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 24. júní 2020.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. október 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2020.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

44. Laugarásvegur 21 (13.804.07) 104767 Mál nr. BN057649

010268-4869 Tómas Már Sigurðsson, Laugarásvegur 21, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að reisa bílskýli og útgeymslu við lóðarmörk, skyggni yfir aðalinngang einbýlishúss, ásamt breytingum tengdum endurskipulagningu lóðar, s.s. landmótun, uppsetningu stoðveggja og staðsetningu á heitum potti, bílastæðum ofl. á lóð nr. 21 við Laugarásveg.

Stækkun: 45.4 ferm., 136.2 rúmm.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 14. ágúst 2020 fylgir erindi. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2020.

Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Laugarásvegi 15, 17, 17a, 19, 23 og 25 og Kleifarvegi 12 og 14, frá 29. júní 2020 til og með 27. júlí 2020. Engar athugasemdir bárust. Einnig fylgir með bréf Kristjáns Loftssonar og Auðbjargar Steinbach dags. 24. júlí 2020.

Erindi fylgir mæliblað 1.380.4 síðast breytt í ágúst 1971, teikningasett undirrituð af lóðarhöfum Kleifarvegs 12 og Laugarásvegs 23 dags. 27. maí 2020 og yfirlit breytinga.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

45. Laugarnesvegur 91 (13.401.01) 103934 Mál nr. BN058141

690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að gera tré- og járnsmíðaverkstæði þar sem áður voru geymslur í húsi á lóð nr. 91 við Laugarnesveg.

Erindi fylgir ódagsett skýringarmynd hönnuðar.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.



46. Laugateigur 28 (13.651.03) 104670 Mál nr. BN058257  
 281171-2919 Arnar Geir Ómarsson, Laugateigur 28, 105 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að hækka þak og setja kvisti á hús á lóð nr. 28 við Laugateig.  
 Erindi fylgir samþykki meðeiganda á lóð, ódagsett.  
 Útskrift úr gerðabók embættis afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. október 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 20. október 2020.  
 Gjald kr. 11.200  
 Frestað.  
 Vísað til athugasemda.
47. Laugavegur 1 (01.171.016) 101361 Mál nr. BN057534  
 680197-3269 Eignarhaldsfélagið Arctic ehf., Suðurhrauni 10, 210 Garðabær  
 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum (reyndarteikningum) á mhl.01 á lóð nr. 1 við Laugaveg.  
 Erindi fylgir uppmæling af sögulegum hlutum byggingar frá hönnuði, greinagerð og byggingarsaga Páls V. Bjarnasonar dags. 6. október 2016 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 18. maí 2020. Einnig húsaskoðun dags. 13. febrúar 2020 og yfirlit breytinga mótt. 4. júní 2020.  
 Gjald kr. 11.200  
 Frestað.  
 Vísað til athugasemda.
48. Laugavegur 6 (11.713.02) 101402 Mál nr. BN058338  
